

Hæfniviðmið í textílmennt – þrep 2

Sameiginleg viðmið list- og verkgreina

Útskýrt og sýnt vinnuferli frá hugmynd til afurðar.
Hagnýtt leikni og þekkingu sem nemandinn hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.
Beitt helstu tækni (tæki og vinnulag) sem námsgreinin býr yfir.
Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki námsgreinarinnar.
Útskýrt helstu hugtök sem tengjast viðfangsefni hverju sinni.
Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu á vinnusvæði.
Sýnt sjálfstæði og ábyrgð við frágang á vinnusvæði.
Sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
Lagt raunsætt mat á eigin verk.

Handverk, aðferðir og tækni

Talið út í krosssaum.
Saumað einföld saumspor, t.d. kappmellu, aftursting og demantsspor.
Heklað fastapinna.
Heklað stuðla.
Prjónað slétt og brugðið.
Prjónað á sokkprjóna.
Prjónað á hringprjón.
Þrætt saumavél.
Saumað beinan saum og sikk sakk.
Bakkað á saumavél.

Þæft kúlur.
Þæft einfalda nytjahluti.
Unnið úr fjölbreyttum textílefum.
Unnið með einföld snið og uppskriftir.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.
Skreytt textílefni á fjölbreyttan hátt.
Metið eigið verk út frá fagurfræðilegum sjónarmiðum.
Nýtt sér mismunandi miðla við öflun upplýsinga.

Menning og umhverfi

Þekkt muninn á eiginleikum náttúruafna og gerviefna.
Sett textílvinnu og verk í samhengi við sögu, samfélag og listir. Fari til að mynda í vettvangsheimsóknir á Fánasaumastofuna og í Sútunarverksmiðju.
Nýtt sér ný og endurunnin efni í textílvinnu og viti hvaðan þau eru upprunnin.